

Fundur stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs með Svæðisráði II, Austursvæði, haldinn 23. október 2007, kl. 12-14:30 á Skriðuklaustri.

31. október 2007/ÞHÓ

FUNDARGERÐ

DRÖG

1. Samningaviðræður við landeigendur- staða.

Samningaviðræður við þá landeigendur sem eiga land sem fyrirhugðað er að verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði, hafa verið og eru í höndum umhverfísráðuneytisins. Viðræðum er ekki lokið en eru í ákveðnum farvegi.

Gerð var frekari grein fyrir stöðunni, sem er í grófum dráttum sú að allar líkur eru á að lang stærstur hluti þess lands sem fyrirhugðað var að í fyrsta áfanga yrði hluti að þjóðgarðinum fari inn, að undanskildum svæðum í Ódáðahrauni og Trölladyngju svo og mun Ærfjall í suðvestanverðum Vatnajökli ekki fara inn í þessum áfanga. Auk þess er enn nokkur óvissa með nokkur svæði í Suðursveit; Hjallanes, Steinadal og hluta Kálfafellsdals.

- Á næsta stjórnarfundi, sem haldinn verður 16. nóvember n.k. mun verða gerð frekari grein fyrir stöðu samningamála við landeigendur.

2. Reglugerð fyrir Vatnajökulsþjóðgarð- staða.

Á sama hátt og með samningaviðræður við landeigendur, hefur undirbúningur að vinnu við gerð reglugerðar fram að þessu verið í höndum umhverfísráðuneytisins. Til að flýta vinnunni við reglugerðina kom fram tillaga frá formanni að skoða þann möguleika að fá utankomandi aðila til að vinna drög að reglugerð.

3. Arkitektasamkeppni um gestastofur

- Undirbúningur

Fundað hefur verið með fulltrúum Arkitektafélags Íslands um aðkomu félagsins að arkitektasamkeppninni. Á fundinum kom fram að fyrstu hugmyndir um samkeppnina og kostnað hefðu verið að samskonar eða mjög svipuð hús yrðu byggð á öllum stöðunum, en sú hugmynd var leiðrétt og þar með má ætla að kostnaður við keppnina hækki nokkuð. Einnig kom fram að dómnefnd fyrir samkeppni sem þessa verður skipuð fimm aðilum, tveir frá Arkitektafélaginu og þrír á vegum Vatnajökulsþjóðgarðsins, einn þeirra er formaður dómefndar. Jafnframt verður skipaður trúnaðar- og umsjónarmaður samkeppninnar.

Arkitektafélaginu verður sent bréf þar sem óskað verður eftir tilnefningu félagsins í dómnefnd samkeppninnar svo og munu dómnefndarfulltrúar koma að vinnu við gerð samkeppnisreglna.

Í samvinnu við Framkvæmdasýslu ríkisins hefur verið unnin svokölluð frumathugun að uppbyggingu gestastofanna, sem er lögboðið skilyrði fyrir opinberum framkvæmdum af þessari kostnaðargráðu.

Fyrirhugað er að arkitektasemkeppnin verði auglýst 15. desember n.k., með skilafresti til 15. mars 2008.

- *Staðsetning*

Áður en arkitektasamkeppnin verður auglýst þarf að liggja fyrir nákvæm og hnitsett staðsetninga allra gestastofanna; Skriðuklaustur, Kirkjubæjarklaustur, Mývatn og Höfn svo og deiliskipulag.

Svæðisráðin komi með tillögur að staðsetningu og voru á fundinum viðraðar fyrstu hugmyndir að staðsetningu.

Á Skriðuklaustri kæmu fyrst og fremst tveir möguleikar til greina, annars vegar norðan við íbúðarhúsið á Skriðuklaustri og hins vegar þó nokkuð norðar í landi Bessastaða við svokallaða Hamborg.

Á Kirkjubæjarklaustri er nú helst horft til staðsetningar gestastofu rétt austan og sunnan við félagsheimilið, niður undir Skaftá.

Á Mývatni er helst horft til staðsetningar rétt við gatnamót hringvegjar austur.

Á Höfn er fyrst og fremst horft til tveggja staða, annars vegar við gatnamót hringvegjar norðan við bæinn og hins vegar í eða í nágrenni Skógeyjar.

- Fundarmenn voru sammála um að skoða yrði staðsetningar allra gestastofa í samhengi.

4. *Landvörslustöðvar-staðsetning*

Samkvæmt hugmyndum ráðgjafanefndar um Vatnajökulshljóðgarð er einn þátturinn í uppbyggingu þjónustunets í hljóðgarðinum að komið verði upp landvörslustöðvum á hverju rekstrarsvæði og í skýrslu nefndarinnar er lagt til að landvörslustöðvarnar verði alls 11 og á eftirfarandi stöðum: Drekgili, Lónsöræfum, Laka, Hrauneyjum, Heinabergssvæðið, Kverkfjöllum, Nýjadal, Snæfelli, Herðubreiðarlindum, Vonarskarði og Hvannalindum. Gert verði ráð fyrir aðstöðu fyrir landverði auk aðstöðu fyrir kynningu á hljóðgarðinum. Á sumum friðlýstum svæðum hefur fram til þessa verið rekin landvarsla í samvinnu við aðra rekstaraðila s.s. ferðafélög og gengið er út frá því að slíkt samstarf verði tekið upp við upphaf rekstur Vatnajökulshljóðgarðs.

Nú þegar hafa ferðafélög sem eru með rekstur á svæði Vatnajökulshljóðgarðs sent bréf þar sem óskað er eftir viðræðum um þjónustusamning um rekstur á þeirra svæðum.

Félögin eru Ferðafélag Íslands, Ferðafélag Akureyrar, Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Ferðafélag Austur Skaftafellssýslu.

- Ákveðið var að settur verði saman hópur til að ræða þessi mál við ferðafélögin. Hópurinn fari einnig yfir tillögur að staðsetningu landvarðarskála á hverju rekstrarsvæði svo og hvaða aðstaða þurfi að vera fyrir hendi á hverjum stað.

5. Fjármál 2008

- **Rekstur 2008**

Stefnt er að því að allt rekstrarumfang beggja núverandi þjóðgarða, Skaftafells og Jökulsárgljúfra flytjist yfir til Vatnajökulsþjóðgarðs strax í byrjun árs 2008, enda flytjast fjármunir til rekstursins til Vatnajökulsþjóðgarðs frá og með sama tíma.

- **Framkvæmdaáætlun 2008 – drög**

Lögð voru fram fyrstu drög að framkvæmaáætlun fyrir árið 2008 og hljóðar hún upp á samtals 162 m.kr. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2008 eru ætlaðar 160,5 m.kr. í framkvæmdir á því ári.

- Ákveðið var að sótt verði um hækkun á framlagi til framkvæmda upp á 15 m.kr. inn í fjárlög 2008 til að mæta hærri útgjöldum nokkurra liða.

Endanleg framkvæmdaáætlun verður lögð fram svo fljótt sem auðið er eftir að endanleg fjárlög 2008 liggja fyrir.

- **Rekstraráætlun- drög**

Farið var lauslega yfir ný drög að rekstraáætlun fyrir árið 2008 sem nú hljóðar upp á 170 m.kr. Áætlaðar eru rekstrartekjur á árinu upp á 45 m.kr.

Endanleg rekstraráætlun verður lögð fram svo fljótt sem auðið er eftir að endanleg fjárlög 2008 liggja fyrir.

6. Önnur mál

- *Ráðingarmál, rekstur 2008.*

Miðað við að rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs hefjist í byrjun næsta árs þarf að skoða flutning á ráðningarsamningum sex fastra starfsmanna núverandi þjóðgarðanna tveggja Skaftafells og Jökulsárgljúfra yfir til Vatnajökulsþjóðgarðs, enda eiga þeir forgangrétt að störfum í Vatnajökulsþjóðgarði.

Fastir starfsmenn í Skaftafelli eru 4 og 2 í Jökulsárgljúfrum

- Starfsmanni falið að fara yfir með Umhverfisstofnun yfirfærsluferli ráðningarsamninga núverandi fastra starfsmanna þjóðgarðanna tveggja.
- Einnig var ákveðið að staða framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs verði auglýst og stefnt að því að viðkomandi hefji störf 1. janúar 2008.

- *Verndaráætlun*

Í 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgar segir: „Svæðisráðin, hvert á sínu svæði, skulu vinna tillögu að verndaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands. Við gerð verndaráætlunar skal svæðisráð hafa samráð við eigendur lands innan þjóðgarðs á viðkomandi svæði, sveitarstjórnir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs fer yfir tillögur svæðisráða og vinnur á grundvelli þeirra verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Eigi síðar en tveimur árum eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs skal lokið gerð verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn. Skal tillaga svæðisráða, sbr. 3. mgr. 12. gr., send stjórn þjóðgarðsins eigi síðar en 18 mánuðum eftir stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.“

- Þess farið á leit að þeim skilaboðum verði komið til allra Svæðisráða að hafist verði handa við gerð verndaráætlunar fyrir Vatnajökulsþjóðgarð fyrir viðkomandi svæði.